



SUÐURNESJABÆR

Reglur vegna kjörs á íþróttamanni ársins í Suðurnesjabæ

1. grein

Val á íþróttamanni ársins skal kynnt á hátíðarsamkomu sem haldin skal fyrir 30. janúar ár hvert.

2. grein

Íþróttamaður ársins verður að vera í íþróttafélagi innan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og vera búsettur í Suðurnesjabæ eða keppir fyrir hönd íþróttafélags í sveitarfélaginu.

3. grein

Íþróttá- og tómsundaráð Suðurnesjabæjar skal sjá um að velja íþróttamann ársins hverju sinni úr hópi tilnefndra aðila.

4. grein

Íþróttafélög í Suðurnesjabæ tilnefna íþróttamenn til kjörsins, einn fyrir hverja íþróttagrein sem hjá þeim er stunduð. Íbúum Suðurnesjabæjar gefst einnig kostur á að tilnefna íþróttamenn. Íþróttá- og tómsundaráð hefur heimild til að tilnefna til kjörsins íþróttamenn búsetta í Suðurnesjabæ sem stunda íþrótt sína með félagi utan bæjarmarkanna en þó einungis einn í hverri íþróttagrein. Allar tillögur skulu rökstuddar. Tilnefndir íþróttamenn skulu hafa náð 15 ára aldri á keppnisárinu.

5. grein

Íþróttamaður ársins í Suðurnesjabæ hlýtur við útnefningu farandbikar til eins árs og bikar til eignar. Allir tilnefndir íþróttamenn hljóta sérstaka viðurkenningu.

6. grein

Íþróttá- og tómsundaráð velur auk þess aðila til að veita viðurkenningu fyrir óeigingjart starf í þágu íþróttá- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu. Óskað skal eftir tilnefningum. Viðurkenningin skal veitt á hátíðarsamkomu þar sem íþróttamaður ársins er heiðraður.

7. grein

Framkvæmd hátíðarsamkomu:

Æskilegast er að sem flestir bæjarbúar eigi kost á því að fylgjast með kjöri á íþróttamanni Suðurnesjabæjar. Hátíðarsamkoman þar sem verðlaunin eru veitt skal vera opin og auglýst.

Boðsbréf skulu send út til þeirra íþróttamanna sem eru tilnefndir.

8. grein

Reglugerð þessi fellir úr gildi allar fyrri reglugerðir og bókanir um kjör á íþróttamanni ársins í Sandgerði. Reglugerð þessa má endurskoða fyrir 30. nóvember ár hvert og taka breytingar þá gildi á næsta ári þar á eftir.

Samþykkt á 6. fundi Íþróttá og tómsundaráðs, 23.10.2019
Samþykkt á 18. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar, 6.11.2019